



FRÉTTABRÉF Empower

Tbl.5
Apríl 2018

Fréttir af EMPOWER verkefninu

Í þessu tölublaði er að finna upplýsingar um seinni prufunámskeið Empower sem haldin voru í samstarfslöndum að undanförunu sem og lokaráðstefnu verkefnisins sem verður haldin í Sheffield, Bretlandi í júní næstkomandi.

Hvað höfum við aðhafst?

Nú höfum við lokið við annað prufunámskeið í Empower verkefninu, bæði fyrir ráðgjafa og einnig fyrir konur í viðkvæmri stöðu. Einnig höfum við lokið við námskeið í hæfnihringjum fyrir báða hópa. Það er okkur mikil ánægja að segja frá því að bæði námskeiðin hafa heppnast mjög vel og mikil ánægja með þau meðal þátttakenda.

Einnig var fimmti fundur verkefnisins haldinn á Íslandi í mars og hér til hliðar má sjá þátttakendur í fundinum.

Næstu skref

Þann 14 júní mun lokaráðstefna EMPOWER verða haldin í Sheffield í boði Inova, samstarfsaðilans þar. Þar mun verkefnið verða kynnt og þátttakendum mun gefast kostur á því að taka þátt í umræðum í svokölluðu heimskaffi. Ef þú hefur áhuga á því að taka þátt smelltu [her](#).



Markmið okkar:

Annarsvegar að aðstoða konur í viðkvæmri stöðu til að efla hæfni þeirra og sjálfstraust og að veita ráðgjöfum og sjálfboðaliðum hagnýt verkfæri til að efla stuðning við konur.

Hvernig tókst til?

Seinni prufunámskeið fyrir annarsvegar konurnar og hinsvegar ráðgjafa og sjálfboðaliða hófust haustið 2017. Þar fengu þátttakendur tækifæri til að efla hæfni sína og sjálfstraust.

Bretland

Inova fékk góðan hóp á námskeið fyrir konur í viðkvæmri stöðu. Var það álit leiðbeinanda að það væri sannur heiður að kenna þeim færni sem hefði bein áhrif á stöðu þeirra á vinnumarkaði og að efla sjálfstæði þeirra. Þátttakendur á námskeiði fyrir ráðgjafana samanstóð af ráðgjöfum og sjálfboðaliðum sem allir vildu gera sitt í að læra að efla aðra, bæði sjálfstraust og almenna persónulega hæfni. Leiðbeinendur nutu hvers augnabliks!



Grikkland

Námskeiðið fyrir ráðgjafa fór fram í Thessaloniki í október og var það sálfræðingur sem leiðbeindi. Þátttakendur nýttu sér námsefnið til hins ítrasta og þá sérstaklega SMART markmiðasetninguna, Endurgjöfin var mjög jákvæð og margir sögðu að þær myndu nýta efnið í sínu starfi. Námskeiðið fyrir konurnar var einnig mjög vel heppnað og var endurgjöfin mjög jákvæð. Konunum fannst einstaklega



gagnlegt að hitta aðrar konur í sömu eða svipaðri stöðu og þær sjálfar og þannig efla tengslanet sitt.

www.empowerwomen.eu



Ísland

Fjölbreyttur bakgrunnur einkenndi hópinn á námskeiði fyrir konur af erlendum uppruna. Þær komu frá Póllandi,



Hollandi, Spáni, Kólombíu, Venesúelu, Indlandi, Malasíu og Ungverjalandi. Það var reglulega gaman að læra um svo marga menningarheima. Eftir námskeiðið kom í ljós greininlegur munur á persónulegri hæfni í hópnum. Námskeiðið fyrir ráðgjafa og sjálfboðaliða gekk einnig mjög vel og voru þátttakendur sammála um að þeir myndu nýta þau verkefni og æfingar sem kenndar voru á námskeiðinu.

Litháen

Námskeiðin í Litháen hófust í október 2017 og voru þátttakendur mjög ánægðir með öll þau verkefni og æfingar í verkefninu og þóttu þau mjög hagnýt. Þar má nefna SMART markmið, mat á persónulegri hæfni, tímastjórnun og æfingar í seiglu.

Mikil áskorun var að taka þátt þar sem um mikla sjálfsvinnu var að ræða. En allir voru sammála um að þetta væri námskeið sem myndi vera lengi í minnum haft.



Námsvefurinn

Námsvefur verkefnisins er aðgengilegur öllum þeim sem áhuga hafa. Þar má finna allar æfingar í verkefninu auk ítarefnis á öllum tungumálum samstarfsaðila (íslenska, enska, gríska og

Skráðu þig til leiks: <http://empower.kmop.gr>

Nánari upplýsingar: asdis.gudmundsdottir@vmst.is